



Nefndarálit forsætisnefndar um

## **Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2017**

### **Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að veita 3,413 milljónum danskra króna til Nordjobb á árinu 2017;

að halda áfram að vinna með greiningu sem er hafin og sem snýr að samræmingu og gagnkvæmum skiptum á upplýsingum með tilliti til löggildingar starfsréttinda heilbrigðisstarfsfólks í þeim tilgangi að meta öryggi, sem og að veita allt að 0,3 milljónum danskra króna ef núverandi fjármögnun dugar ekki til;

að endurnýting úrgangs sé forgangssvið í norrænu samstarfi; Norræna ráðherranefndin mun láta fram fara greiningu árið 2017 og ráðstafa nægjanlegu fjármagni til að varpa ljósi á hvort reglur í löndunum, styrkjakerfi og gjöld á úrgang stuðli að eða vinni gegn markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs;

að veita 1,0 milljón danskra króna í að efla starf að samfélagsöryggi í Eystrasaltsríkjunum og á Eystrasaltssvæðinu.

að vinnan með líforku, þar á meðal matarúrgang, verði áfram mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Á árinu 2017 fari fram rannsókn sem eigi að kanna möguleikana á áframhaldandi þróun norræns samstarfs á sviði lífoldsneytis og samgöngumála. Rannsóknin á að taka með hugsanlegar tillögur frá endurskoðuninni í orkumálum sem lýkur í mars 2017;

að ráðstafa allt að 1,0 milljón danskra króna til að gera greiningu á verkefnum um frjálst flæði vinnuafis og heilbrigða samkeppni á vinnumarkaðnum með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

## Forsaga

Fjárhagsáætlunarferli vegna fjárhagsáætlunar ráðherra nefndarinnar fyrir 2017 hófst á fundi forsætisnefndar með samstarfsráðherrunum þann 27. október 2015 á 67. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Á þeim fundi var rætt almennt um fjárhagsáætlunina.

Forsætisnefndin fundaði síðar með formönnum nefnda Norðurlandaráðs þann 30. nóvember 2015 í Stokkhólmi. Þar var rætt almennt um áherslur ráðsins varðandi fjárhagsáætlun ráðherra nefndarinnar.

Enn síðar fundaði forsætisnefndin með Anne Berner, samstarfsráðherra Finnlands, þann 25. janúar 2016 í Helsinki þar sem rætt var almennt um hugmyndir Norðurlandaráðs varðandi fjárhagsáætlunina.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina funduðu í Ósló 18. apríl. Á dagskrá voru leiðbeiningar um gerð fjárhagsáætlunar 2017 sem norrænu samstarfsráðherrarnir höfðu samþykkt 3. febrúar og fjárhagsramminn en hann nemur 927,546 milljónum danskra króna miðað við verðlag ársins 2016. Fundinn sátu Henrik Dam Kristensen, forseti Norðurlandaráðs, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (S), Carl Haglund (M), Michael Tetzschner (M), Juho Eerola (N) og Steingrímur J. Sigfússon (VSG).

Í júní 2016 lagði framkvæmdastjóri Norrænu ráðherra nefndarinnar fram tillögu að fjárhagsáætlun ráðherra nefndarinnar 2017.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlun áttu fund með finnska samstarfsráðherra Anne Berner 1. júlí 2016 í Kaupmannahöfn. Fundinn sátu Henrik Dam Kristensen, forseti ráðsins, Maarit Feldt-Ranta (S), Hans Wallmark (K), Mikkel Dencker (N) og Steingrímur J. Sigfússon (VSG). Áður en fundurinn með ráðherra nefndinni hófst höfðu talsmennirnir fundað sín á milli. Á fundunum ræddu talsmenn um fjárhagsáætlunina forgangsröðun varðandi tillöguna að fjárhagsáætlun.

Eftir sumarfundina sendu flokkahóparnir tillögur að breytingum á fjárhagsáætluninni áður en frestur rann út 22. ágúst.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlun funduðu á ný 2. september í Kaupmannahöfn og komu sér saman um forgangsröðun áður en þeir lögðu breytingartillögur sínar fyrir ráðherra nefndina. Fundinn sátu Henrik Dam Kristensen, forseti ráðsins, Maarit Feldt-Ranta (S), Britt Lundberg (M), Michael Tetzschner (K), Mikkel Dencker (N) og Steingrímur J. Sigfússon (VSG).

Nefndir Norðurlandaráðs áttu einnig kost á að senda inn breytingatillögur og skiluðu tvær nefndir tillögum.

Forsætisnefndin samþykkti á fundi sínum 27. september s.l. í Stokkhólmi niðurtöðu talsmannanna frá fundinum 2. september í Kaupmannahöfn um hvaða breytingatillögur flokkahópanna ætti að leggja mesta áherslu í samningaviðræðunum við ráðherra nefndina.

Forseti Norðurlandaráðs, Henrik Dam Kristensen, og varaforseti, Mikkel Dencker, héldu fund með finnska samstarfsráðherra og formanni MR-SAM, Anne Berner, í Helsinki 13. október til að semja um tillögur Norðurlandaráðs að breytingum á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherra nefndarinnar 2017.

## B 312/præsídiet

Afgreiðsla:  
Forsætisnefndin

Málsnúmer 16-00203-4

## Umsagnir

Fjárhagsáætlunartillaga ráðherranefndarinnar var til umsagnar hjá flokkahópum og nefndum Norðurlandaráðs. Á grundvelli þeirra breytingatillaga sem borist höfðu lögðu talsmenn flokkahópanna áherslu á tillögur sem rætt hafði verið um í samningaviðræðum við ráðherranefndina.

### Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Á fundi forsætisnefndar með finnska samstarfsráðherranum, Anne Berner, þann 25. janúar 2016, var eftirfarandi forgangsmálum komið á framfæri:

- eftirfylgni Könberg-skýrslunnar um samstarf í heilbrigðismálum;
- stefnumótandi úttekt um vinnumál sem þá var í vinnslu;
- þörf á öflugra samstarfi við ESB;
- að vekja athygli á Norðurlöndum sem aðlaðandi ferðamannastað, sbr. Nordic Cool.

Þegar framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2017 í júní s.l. voru allar áherslur forsætisnefndarinnar frá fundinum í janúar með í almennum línunum tillögunnar:

- eftirfylgni Könberg-skýrslunnar um samstarf í heilbrigðismálum;
- eftirfylgni Nielson-skýrslunnar um vinnumarkaðinn;
- betri samhæfingu á samstarfinu við ESB;
- kynningu í Southbank Centre í Lundúnum 2017 á Norðurlöndum og mörkun stöðu þeirra alþjóðlega, í framhaldi af Nordic Cool-verkefninu.

Á fundi forsætisnefndar 27. september s.l. ákvað nefndin að setja eftirfarandi málefni í forgang í samningaviðræðum við ráðherranefndina um breytingar á fjárhagsáætluninni:

- Nordjobb;
- samhæfingu á viðurkenningu starfsréttinda starfsfólks í heilbrigðisstétt;
- úrgangsstrauma á Norðurlöndum;
- skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum og öryggisástandið á Eystrasaltssvæðinu;
- matarsóun og líforku;
- landamæraerslun og tvíhliða samninga um skilagjöld;
- öryggi og vinnuvernd í flugrekstri;
- hreyfanleika og sanngjarna samkeppni;
- ónotað fé í fjárhagsáætluninni.

Í samningaviðræðunum í Helsinki 13. október hlaut Norðurlandaráð stuðning við flestar breytingatillögur sínar. Til viðbótar við breytingatillögur sem er að finna í nefndaráliti þessu um tilmælin, var einnig ósk Norðurlandaráðs að Norræna ráðherranefndin hætti að endurgreiða ónotað fé ráðherranefndarinnar og er því við hæfi að bæta við eftirfarandi tilvísun í fjárhagsreglugerðina.

„Samkvæmt 20 A gr. fjárhagsreglugerðarinnar ber að endurgreiða löndunum óráðstafað fé, sem er ekki hægt að flytja milli ára (frá og með 2009). Þegar Norræna ráðherranefndin hefur endurgreitt 35 milljónir DKK verður óráðstafað fé lagt til hliðar í varasjóð sem samstarfsráðherrarnir fá til ráðstöfunar á næsta fjárhagsári. Þegar reikningsárið 2015 var liðið höfðu 30,2 m.da.kr. verið endurgreiddar. Gert er ráð fyrir að

Norðurlandaráð

**B 312/præsídiet**

Afgreiðsla:  
Forsætisnefndin

Málsnúmer 16-00203-4

eftirstöðvarnar verði endurgreiddar af ónotuðu fé frá árinu 2016 og að með árinu 2018 verði fé komið í varasjóðinn.“

Tvær breytingatillögur Norðurlandaráðs hlutu engan hljómgrunn hjá Norrænu ráðherranefndinni: Tilmæli Norðurlandaráðs 2/2015 til norrænu ríkisstjórnanna um öryggi og vinnuvernd í flugrekstri. 30. september s.l. barst svar frá löndunum þess efnis að fyrsti málsliður tilmælanna teldist uppfylltur og annar málsliður að hluta til. Norðurlandaráð getur fylgt málinu eftir á ráðgerðum fundi með norrænu samgöngu- og innviðaráðherrunum 9. nóvember 2016 í Stokkhólmi.

Hin breytingatillagan fjallaði um fjárveitingu í rannsókn á landamæraaverslun og tvíhliða samningum um skilagjöld. Danmörk og Þýskaland hafa undirritað samning um að greiða eigi annað hvort danskt eða þýskt skilagjald við kaup á dósum eða flöskum í Þýsklandi frá árinu 2018. Hægt verður að taka málið upp aftur þegar reynsla er komin á samninginn.

Kaupmannahöfn 1. nóvember 2016

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Eva Kjer Hansen (V)*

*Hans Wallmark (M)*

*Henrik Dam Kristensen (S), **forseti***

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Mikkel Dencker (DF), **varaforseti***

*Penilla Gunther (KD)*

*Phia Andersson (S)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)*

*Sonja Mandt (A)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Wille Rydman (saml)*

Norðurlandaráð

**B 312/præsídiet**

Afgreiðsla:

Forsætisnefndin

Málsnúmer 16-00203-4